



Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Þingskjal 128 – 126. mál

Selfossi, 18. desember 2014

Efni: Umsögn Félags skógareigenda á Suðurlandi um tillögu til þingsályktunar um nýtingu eyðijarða í ríkiseigu.

Félag skógareigenda á Suðurlandi fagnar því að finna eigi leið til að koma ónýttum / ósetnum jörðum í ríkiseigu í notkun og efla þannig landnýtingu og búsetu á þessum jörðum.

Hin síðari ár hafa orðið þannig breytingar á veðurfari, að nú gefst tækifæri til að líta til fleiri möguleika en hefðbundins landbúnaðar, þegar kemur að nýtingu jarða. Einnig hefur vaxandi áhugi á margskonar ræktun, svo sem skógrækt og þeim möguleikum, sem henni fylgja, opnað tækifæri fyrir eigendur jarða / eyðijarða, til að koma þeim í verð. Þannig hefur fjölbreytni í ræktun og annarri nýtingu jarða, haft góð og spennandi áhrif á atvinnuhætti í sveitum landsins. Stóraukin skjólbeltaræktun gefur möguleika á fjölbreytni, svo sem jólatrjáræktun og berjaræktun, fyrir utan akurræktun trjáa til viðarvinnslu og kornræktar.

Þær atvinnugreinar sem spretta upp, samhliða aukinni skógrækt og þeirri ræktun sem dafnar í skjóli skóga, eru vinnuafsfrekar og gjaldeyrissparandi. Um það þarf ekki að hafa fleiri orð. Einnig þarf varla að minna á stóraukna kolefnisbindingu með meiri og markvissari ræktun.

Lagt er til að fólki verði gefinn kostur á að eignast jarðir sem nú eru í eigu ríkisins, hvort heldur sem er, til hefðbundins landbúnaðar, eða til annarra nytja og renna þannig nýjum og sterkum stoðum undir atvinnuhætti og atvinnulíf í sveitum landsins.

f.h. Félags skógareigenda á Suðurlandi,

María E. Ingvadóttir  
formaður



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 18. desember 2014

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nýtingu eyðijarða í ríkiseigu – 126. mál.**

Umsögn Landgræðslu ríkisins tekur til þess hluta þingsályktunartillögunnar er snýr að því að fjármála- og efnahagsráðherra skuli leita allra leiða til að koma ónýttum/ósetnum jörðum í ríkiseigu í notkun og auka með því byggðafestu og atvinnumöguleika í dreifðum byggðum landsins.

Landgræðsla ríkisins er síður en svo á móti því að þær eyðijarðir sem mögulega má stunda búskap á, með sjálfbærum hætti, verði nýttar á þann hátt til frambúðar.

Landgræðsla ríkisins hefur umsjón með nokkrum eyðijörðum ríkisins, f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Flestar þessara eyðijarða eru þó í þannig ástandi, hvað varðar gróðurfar og jarðveg, að hefðbundinn búskapur kemur þar ekki til greina. Þess utan eru margar þessara jarða úr vegasambandi, þar er hvorki vatn né rafmagn, ræktun og hús ekki til staðar og landkostir þannig að illbyggilegar eru.

Þær eyðijarðir sem nýtanlegar eru, að hluta eða öllu leyti, eru oftast en ekki nýttar af bændum/nágrönnum til slægna, kornræktar, beitar o.fl.

Almennt má ætla að mjög fáar eyðijarðir ríkisins séu álitlegar sem hefðbundnar bújarðir. Í ljósi markmiða Landgræðslu ríkisins er stofnunin alfarið á móti því að lítt grónum jörðum, sem ekki verða nýttar með sjálfbærum hætti að svo stöddu, verði komið í hefðbundin landbúnaðarnot.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landgræðslu ríkisins

  
Birgir Snær Fannarsson, hdl.



## Umsögn um Þingskjal 128 — 126. mál.

### Tillaga til þingsályktunar um nýtingu eyðingarða í ríkiseigu.

#### Umsögn

LSE tekur undir það sem fram kemur í tillögunni: „að koma að koma ónýttum/ósetnum jörðum í ríkiseigu í notkun og auka með því byggðáfestu og atvinnumöguleika í dreifðum byggðum landsins ríkiseigu í notkun og auka með því byggðáfestu og atvinnumöguleika í dreifðum byggðum landsins“.

Í greinargerð með tillögunni er hinns vegar hvergi getið þess möguleika á nýtingu ríkisjarðanna sem fellst í skógrækt.

Til skamms tíma litið getur skógræk skapað atvinnumöguleika við útplöntun og umhirðu í dreifðum byggðum og til lengri tíma litið mikil verðmæti í formi viðarafurða og/eða aukinna vistfræðilegra gæða sem gætu nýst annari starfsemi á jörðinni en skógrækt, t.d. hefðbundnum landbúnaði eða ferðamennsku. Varla er nokkur önnur landnýting sem hentar betur til að tryggja og auka gæði og verðmæti jarðarinnar ásamt því að geta farið saman við aðra landnýtingu sé horft til lengri tíma.

LSE leggur ríka áherslu á það að skógrækt sé fullgild búgrein og geti þar að auki vel farið saman með sauðfjárrækt, nautgriparækt eða ferðaþjónustu. Auk þessa eru sumar þeirra jarða sem um ræðir þannig í sveit settar að þær henta lítt eða ekki til nútíma sauðfjár eða nautgriparæktar. Sérstaklega með þær jarðir sem þannig háttar er skógrækt mjög vænlegur kostur.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátt hvetur LSE til þess að skógrækt sé getið í greinargerðinni sem vænlegum kosti við nýtingu á ónýttum/ósetnum jörðum í ríkiseigu.

Fyrir hönd stjórnar LSE

19,12,2014

Hrönn Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid @althingi.is

Egilsstöðum, 12. desember 2014

**Efni:** Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um nýtingu eyðijarða í ríkiseigu.

Skógrækt ríkisins hefur umsjón með um 60 jörðum og jarðarpörtum víða um land. Sumar voru gjafir til Skógræktar ríkisins og sumar keypti Skógræktin. Þær jarðir voru ekki í ríkiseigu áður. Nokkrar jarðir sem voru fyrir í eigu ríkisins fékk Skógræktin umsjón með skv. ákvörðun ráðuneytisins. Allar voru þessar jarðir komnar í eyði eða hefðbundinn búskapur að leggjast af þegar Skógræktin eignaðist þær. Allar eru þessar jarðir nú í notkun og teljast þjóðskógar. Þær eru sumar farnar að skila tekjum og þar með skapa atvinnu í viðkomandi sveitum. Skógrækt ríkisins telur eðlilegt að þessar jarðir verði áfram í hennar umsjá og þeim verði ekki ráðstafað til annarra nota.

Við hjá Skógrækt ríkisins þekkjum vel landkosti á ofangreindum eyðijörðum. Upp til hópa standast þær ekki kröfur sem nú eru gerðar til hefðbundinna búgreina. Oftast skortir undirlendi og því ekki hægt að rækta nægilega stór tún. Sumar eru landlitlar. Sumar eru afskekktar, í lélegu vegasambandi eða jafnvel í eyðibýggðum þar sem enginn vill búa. Þegar hefðbundinn landbúnaður fólst í sjálfsþurftarbúskap með 20 ær, eina kú og lágmarks heyöflun voru þessar jarðir byggilegar. Sumar þóttu jafnvel kostajarðir því á þeim var birkikjarr sem hægt var að beita að vetrarlagi. Slíkt nægir ekki lengur. Svipað á við um flestar aðrar eyðijarðir í eigu ríkisins. Það er ástæða fyrir því að þær fóru í eyði: Þær eru fæstar vel byggilegar miðað við nútíma kröfur hefðbundinna búgreina.

Skógrækt getur verið hluti af lausn í þessum efnum. Reynslan sýnir að eyðijarðir geta hentað ágætlega til skógræktar þótt þær henti illa til kvikfjárræktar vegna skorts á undirlendi. Skógar vaxa vel í brekkum og þeir krefjast ekki heilsárs búsetu. Með tímanum skapa þeir atvinnu við allt það sem tengist framleiðsluskógrækt; skógarhögg, vegagerð, flutninga og úrvinnslu afurða. Starfsemi tengd skógrækt skapar atvinnu í viðkomandi sveit óháð eignarhaldi eða búsetu á viðkomandi jörð. Því ætti ekki að útiloka það að nýta eyðijarðir í eigu ríkisins til skógræktar í meira mæli en nú er gert, t.d. með því að fela Skógrækt ríkisins umsjón með þeim sem best henta til skógræktar.

Skógrækt ríkisins tekur undir þá meginhugsun tillögunnar að nýta beri betur þær eyðijarðir ríkisins sem nú eru í takmarkaðri eða engri notkun. Skógrækt er ein tegund landnotkunar sem þar ætti að koma sterklega til greina.

F.h. Skógræktar ríkisins



---

Þröstur Eysteinnsson  
Sviðsstjóri þjóðskóganna



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

THE ICELANDIC FORESTRY ASSOCIATION

ÞÓRUNNARTÚNI 6, 105 REYKJAVÍK  
SÍMI 551 8150 - NETFANG [skog@skog.is](mailto:skog@skog.is)

Reykjavík, 16. desember 2014

## Nefndasvið Alþingis

Netfang: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

**Efni: Umsögn Skógræktarfélags Íslands um „Tillögu til þingsályktunar um nýtingu eyðijarða í ríkiseigu.“ 144. löggjafarþing 2014-2015. Þingskjal 128 – 126. mál.**

Stjórn Skógræktarfélags Íslands fjallaði á stjórnarfundum þann 11. desember um ofangreinda þingsályktun. Skógræktarfélag Íslands hefur um langt skeið hvatt til þess að ríkisvaldið ráðstafi ríkisjörðum til skógræktar. Til eru dæmi innan skógræktarfélagahreyfingarinnar að gerðir hafi verið samningar við einstök skógræktarfélög um skógrækt á ríkisjörðum. Það er hins vegar ríkur vilji innan samtakanna að taka enn fleiri jarðir til nýtingar ef vilji stendur til þess af hálfu hins opinbera.

Til marks um vilja bæði skógræktarféлага og stjórnvalda á sínum tíma er rétt að vitna í ályktun sem gerð var fyrir nokkrum árum.

*„Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Menntaskólanum á Akureyri 25.-27. ágúst árið 2000, fagnar framkomnum hugmyndum landbúnaðarráðherra um afhendingu jarða og landeigna í eigu ríkisins til skógræktarféлага, í því skyni að félögin rækti upp skóg á viðkomandi jörðum. Jafnframt hvetur fundurinn aðildarfélögin til að koma óskum sínum á framfæri hið fyrsta.*

*Greinargerð: Á hátíðar- og afmælisfundum Skógræktarfélags Íslands á Þingvöllum, þann 27. júní sl., lýsti ráðherra yfir vilja sínum og ákvörðun um að jarðeignum ríkisins verði ráðstafað til skógræktarféлага. Í mörgum tilvikum er mikill skortur á hentugu landi fyrir skógræktarfélög þar sem þau gætu unnið að skógrækt og með þeim hætti eflt starfsemi sína í héraði í almanni þágu.“*

Þá er rétt að benda á þingsályktun sem samþykkt var 16. maí sl. „um eflingu skógræktar sem atvinnuvega og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu“. Segja má að þar sé að finna ákveðna skirskotun til eflingar á skógrækt. Þar kemur fram m.a.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að efla skógrækt á Íslandi sem arðsaman atvinnuveg með því að:

- a. stórefla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt með áherslu á framleiðslu viðarafurða, framleiðni og arðsama skógrækt,
- b. færa Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landshlutaverkefni í skógrækt í eina stjórnsýslueiningu,
- c. semja frumvarp að nýjum samræmdum lögum um skógrækt og landgræðslu,



# SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

THE ICELANDIC FORESTRY ASSOCIATION

ÞÓRUNNARTÚNI 6, 105 REYKJAVÍK

SÍMI 551 8150 - NETFANG [skog@skog.is](mailto:skog@skog.is)

*d. móta starfsumhverfi með rammaáætlun til þriggja ára til eflingar skógrækt með þátttöku bænda, annarra landeigenda og sérstakra skógræktarsjóða.“*

Enn sem fyrr er skógræktarhreyfingin tilbúinn að taka að sér ríkisjarðir til nýtingar með framtíðarhagsmuni þjóðarinnar í fyrirrúmi. Því fagnar stjórn Skógræktarfélags Íslands framkominni þingsályktunartillögu, þó með þeim fyrirvara að markmið hennar sé að ýta undir skógrækt til fjölbreyttra nota á eyðijörðum í eigu ríkisins, en ekki aðeins að ýta undir búskap til matvælaframleiðslu.

Með skógræktarkveðjum  
F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri